

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð (321. mál) og frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun (322 mál).**

Bandalag háskólamanna (hér eftir „BHM“ eða „bandalagið“) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð (321. mál) og frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun (322 mál). BHM lýsir yfir stuðningi við markmið laganna um eflingu nýsköpunarumhverfisins á Íslandi með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Telur bandalagið það þá framfaraskref að lagagrundvöllur fyrir starfsemi Tækniþróunarsjóðs sé tryggður og heimildir sjóðsins til að taka þátt í erlendu samstarfi séu formfestar. Vill bandalagið þó koma eftirfarandi á framfæri hvað varðar efni, markmið og áhrif frumvarpanna:

**I. Opinber stuðningur við nýsköpun:**


Atvinnuleysi háskólamenntaðra innan höfuðborgarsvæðisins er nú í sögulegum hæðum en fjöldi háskólamenntaðra á atvinnuleysissskrá á höfuðborgarsvæðinu hefur rúmlega tvöfaldast á árinu 2020 (sjá mynd að neðan).



BHM telur mikilvægt að stjórnvöld efni loforð sín um að starfsöryggi sem flestra sé tryggt við lokun miðstöðvar og sérstaklega í ljósi alvarlegrar stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Telur bandalagið þá brýnt að stjórnvöld auki fyrirsjáanleika um samfellu verkefna miðstöðvarinnar og geri sem fyrst grein fyrir niðurstöðum greiningarvinnu um endurskipulagningu nýsköpunarumhverfisins. Er það mat bandalagsins að sú þjónusta sem Nýsköpunarmiðstöð og starfsfólk hennar hefur veitt í gegnum árin hafi skipt sköpum fyrir fjölmarga frumkvöðla og fyrirtæki. Mikilvægt er þá að mannuður Nýsköpunarmiðstöðvar nýtist áfram í þágu íslensks atvinnulífs.

## II. Tækniþróunarsjóður

BHM telur brýnt að leitað sé allra leiða til að styrkja tengsl háskólamenntunar og vinnumarkaðar á Íslandi m.a. með aukinni þátttöku nýsköpunarinnviða t.d. Tækniþróunarsjóðs. Bandalagið telur það áhyggjuefni að ekki sé fastar kveðið á um slíka útgjaldaráðstöfun sjóðsins í frumvarpinu en eingöngu er getið til um að sjóðnum sé *heimilt að styrkja slíkar samstarfsrannsóknir háskóla- og atvinnulífs í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs*. BHM hvetur stjórnvöld til að formfesta frekar þátttöku Tækniþróunarsjóðs í samstarfsverkefnum á háskólastigi í samstarfi við Vísinda- og tækniráð en bandalagið telur það grunnforsendu þess að nýsköpun geti blómstrað á Íslandi. Í því samhengi ber að athuga að OECD hefur *gagnrýnt að hlutdeild einkafyrirtækja í fjármögnun rannsókna á háskólastigi á Íslandi er eingöngu um helmingur af Evrópumeðaltalinu og hlutdeild fyrirtækja sem eiga í samstarfi við háskólana mun lægri en innan landa OECD* (sjá myndir að neðan).<sup>1</sup>



Bandalagið vill að lokum benda á að nýsköpun kemur við sögu á öllum sviðum samfélagsins, ekki eingöngu á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina. Fjöldmörg tækifæri til gjalddeyrisöflunar og atvinnusköpunar felast í öðrum greinum m.a. á sviði lista, hönnunar og annarra skapandi greina. Í ljósi þessa telur bandalagið mikilvægt að horft sé til eflingar fleiri greina en hátæknigreina eingöngu með úthlutunum Tækniþróunarsjóðs, stofnun tækniseturs og eflingu „Fab-lab“ á landsbyggðinni. Telur bandalagið þá hugtakanotkun í frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð og frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun m.a. „Tæknisetur“, „Vísinda-og tækniráð“, „Tækniþróunarsjóður“ of takmarkandi með ofangreint í huga.

Virðingarfyllst,



Vilhjálmur Hilmarsson  
hagfræðingur BHM

<sup>1</sup> OECD economic survey Iceland 2019: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2596438b-d87b-11e9-944a-005056bc4d74>